

Athugið!

Næsti Pési kemur út
12. mars. Efni þarf að
berast fyrir **7. mars.**

21% íbúa með árskort að íþróttamannvirkjum

Íþróttahúsið hefur iðað af lífi undanfarnar vikur en nýr tækjasalur hefur svo sannarlega slegið í gegn. Þar má nú finna fjölmörg ný tæki í bland við þau sem sveitarfélagið átti áður. Mikil aukning hefur orðið í iðkendafjölda en selst hafa 54 ný árskort í íþróttamannvirki Hrunamannahrepps frá opnun salarins. Virk árskort eru 202 þannig að 21% íbúa eiga núna árskort í íþróttamannvirkin. Gjald fyrir árskort er líka afar hvetjandi en þau kosta kr. 19.000,- sem er mögulega lægsta gjald fyrir afnot af sundlaug, íþróttahúsi og tækjasal á landinu!

Samhliða opnun tækjasalarins opnaði Sigfríð Lárusdóttir, sjúkraþjálfari, einnig glæsilega meðferðaraðstöðu í tækjasalnum. Að hennar sögn hafa viðtökur verið einstaklega góðar og strax er kominn biðlisti eftir þjónustu hennar. Með því að sjúkraþjálfari samnýti tækjasalinn næst enn betri þjónusta fyrir íbúa Hrunamannahrepps og nærsveita sem er afar ánægjulegt.

Á meðfylgjandi mynd má sjá Sigfríði Lárusdóttur og Örnur Þöll Sigmundsdóttur, umsjónarmann íþróttamannvirkja í nýja salnum.



Enn eitt framkvæmdaárið framundan

Miklar umhleyplingar og ofsaveður hafa einkennt nýbyrjaðan febrúarmánuð. Betur fór þó en á horfðist í óveðrinu í liðinni viku en litlar skemmdir urðu í sveitarfélaginu, svo vitað sé.

En þrátt fyrir að veturinn sé enn allt umlykjandi þá er nú verið að undirbúa framkvæmdir sumarsins af fullum krafti. Það er alltaf ánægjulegt að sjá verkefni klárast með góðum hætti eins og gerð tækjasalar í Íþróttahúsinu en ekki er síður ánægjulegt að hefja önnur verkefni sem einnig verða til hagsbóta fyrir íbúa og gesti sveitarfélagsins.



Helst má þar nefna eftirfarandi:

- Innrétting fyrir Heilsugæslu Uppsveitanna í húsnæðinu að Hrunamannavegi 3. Það er fyrirtækið Selásbyggingar ehf. og HR smíði ehf. sem buðu lægst í verkið og hafa þeir þegar hafið framkvæmdir.
- Til undirbúnings kaldvatnslögninni frá Blákvísl að Flúðum hefur verið ráðinn verkefnisstjóri, Guðmundur Daníelsson, og hefur hann þegar tekið til starfa. Verkefnið er risastórt sem nauðsynlegt er að undirbúa með sem bestum hætti.
- Samningur hefur verið undirritaður um leigu Héraðsskjalasafns Árnesinga á stórum hluta kjallarans í Hrunamannavegi 3 og mun fljótlega verða ráðist í framkvæmdir svo safnið geti flutt skjöl sín á staðinn.
- Unnið er að úrbótum á móttökusvæðinu í Flatholti en þar verður m.a. settur upp rampur í sumar auk girðingar í kringum svæðið.
- Samið hefur verið um gatnagerð í Röðulstanga og munu framkvæmdir hefjast um leið og veður leyfir.
- Undirbúningur að byggingu nýs skála í Svínárnesi er í fullum gangi
- Unnið er að gerð útboðsgagna vegna malbikunar á Garðastíg, Lðjuslóð og Ljónastíg.
- Endurnýja á salerni á kennslugangi Flúðaskóla sem löngu eru komin á tíma.
- Unnið er að hugmyndum vegna leikskólans sem tryggt geta yngstu börnum sveitarfélagsins leikskólapláss næsta haust.

Auk þessa er gaman að geta þess að Hrunamannahreppur fékk nýlega 13 m.kr. styrk úr sérstökum sjóði sem greiða á fyrir úrbætur í aðgengismálum fyrir fatlað fólk. Styrknum er ætlað að borga helmings áætlaðs kostnaðar við lyftur annars

vegar í félagsheimilið og hins vegar úr anddyri íþróttahússins og upp í tækj-
salinn. Er þessi styrkur afar vel þeginn og kunnum við sjóðnum bestu þakkir fyrir.
Verða lyfturnar á báðum stöðum settar upp í sumar.

Í félagsheimilinu gerir þetta okkur kleift að halda áfram af fullum krafti við breyt-
ingar þar sem ráðhúsið mun færast í Stjórnusalinn og bókasafnið niður á neðri
hæð. Um leið verður útbúin á efri hæð aðstaða til fjarvinnu sem lengi er búið að
bíða eftir í sveitarfélaginu.

En lífið er meira en framkvæmdir og smíðavinna. Mannlífið hér er gott og nóg
við að vera. Hér er fjölbreytt félagsstarf og framundan eru alls konar viðburðir og
skemmtanir sem við getum látið okkur hlakka til. Nefndir sveitarfélagsins sem og
fjöldi annarra öflugra einstaklinga vinna ákaflega gott starf við að skipuleggja og
sjá um viðburði fyrir okkur öll og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Slíkt er ekki
sjálfsagt. Ég vil endilega hvetja alla til að taka virkan þátt í þeim viðburðum sem
hér eru skipulagðir og muna ávallt að maður er manns gaman.

Aldís Hafsteinsdóttir
Sveitarstjóri

FÁÐU SLYSID BÆTT

HRINGDU Í BÓTARÉTT Í SÍMA 520 5100.



BÓTARÉTTUR
- þú færð þitt



botarettur.is

Líf og fjör í Flúðaskóla

- Spannandi viðburðir og heimsóknir

Það er sannarlega mikið um að vera í Flúðaskóla þessa dagana og skemmtilegir viðburðir á dagskrá. Nýlega fengum við góða gesti þegar danskur skóli kom í heimsókn. Þrátt fyrir að veðrið hafi sett strik í reikninginn nýttist tíminn vel. Dönsku gestirnir fengu tækifæri til að kynna skólalífinu okkar, heimsóttu kennslustundir og hittu alla nemendur skólans í íþróttahúsinu. Einnig fengu þeir að kíkja í heimsókn og kvöldmat á nokkur heimili nemenda 10. bekkjar og þökkum við kærlega fyrir það.



Samstarf við Leikskólann Undraland er fastur liður í skólastarfinu. Lögð er áhersla á að skólahópur Undralands fái að taka þátt í sem flestum þáttum skólastarfsins og þannig undirbúa börnin sig fyrir komandi vetur. Þá þykir nemendum okkar í 1. bekk mikið gaman að fá að fara í heimsóknir í leikskólann.

Nemendur á unglingastigi héldu opið hús föstudaginn 7. febrúar þar sem þeir sýndu verkefni sín úr áhugasviðsverkefnum Vörðu. Það var virkilega gaman að sjá stoltu andlitin þegar þau kynntu verkefnið sín fyrir gestum og gangandi.

Þorablótið okkar fór fram 10. febrúar þar sem allir nemendur skólans komu saman. Þar voru flutt hin hefðbundnu minni karla og kvenna og allir fengu að smakka á gómsætum þorramat.

Framundan er ekki síður spennandi dagskrá. Nemendur í 7. bekk eru að undirbúa sig fyrir skemmtilega ferð að Reykjum í Hrótafirði, sem fram fer dagana 24.-27. febrúar. Þar verða samankomnir allir 7. bekkja nemendur úr Uppsveitum og Flóa. Þá er óhætt að segja að margir bíði spenntir eftir skíðaferðunum sem fyrirhugaðar eru í lok mánaðarins. Vonandi verður veðrið okkur hagstætt.

Flúðaskóla langar að færa foreldrunum sem opnuðu heimili sín fyrir dönsku ungmennum, sóttu og skutluðu, sérstakar þakkir fyrir.

Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri



Grænna land ehf.

Hellulagnir - Áburðargjöf

Beðahreinsun - Garðsláttur

Garðauðun - Trjáklippingar

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Pökulagnir - Trjáplöntusala

Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur

Sími 858 3399
grannaland@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslan Laugarási

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímapantanir og bókun í símaviðtal
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni
þarf að liggja fyrir.



**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,
viðhald, flísalagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499



Sundlaugin á Flúðum

16. ágúst - 31. maí

Mánu-, þriðju-, miðviku- og föstudaga
frá kl. 16:00 - 20:30

Mánu- og fimmtudaga frá kl. 6:00 - 9:00
(að öðru leyti lokað á fimmtudögum)

Laugardaga og sunnudaga
frá kl. 13:00 - 18:00

Tækjasalur á Flúðum

Opunartími tækjasals:

Mánudaga-fimmtudaga kl. 8:00-21:00

Föstudaga kl. 8:00-18:00

Laugardaga kl. 9:00-13:00

Vinsamlegast athugið að gengið er inn
á neðri hæð, bílastæðamegin.

Árskort sem gilda í sundlauginu, íþróttu- og
tækjasalinn eru á mjög hagstæðu verði,
aðeins 19.000 kr. Minnum á að hjá flestum
stéttarfélögum er hægt að sækja um styrk.

HRUNAPRESTAKALL



Kæru sveitungar.

Á árinu 2024 voru alls 46 guðsþjónustur og messur haldnar í prestakallinu og við bætast svo barnasamverur/kirkjuskóli sem voru sextán á árinu. Nítján börn voru skírð á síðasta ári, fermingarbörn voru ellefu, sjö hjónavígslur og tólf útfarir. Ég er þakklátur fyrir góðan hug í garð kirkjunnar í okkar sveitum. Þá ber líka að þakka fyrir góða kirkjusókn og öflugan söng kirkjukóranna. Kirkjukórarstarfið er ómetanlegur hjartsláttur í kirkjulífinu og þar eiga organistarnir stórt hrós skilið fyrir fagmennsku og gott utanumhald.

Sunnudaginn 23. febrúar nk. kl. 13 verður messa unga fólksins í Hrunakirkju. Þar munu nemendur í 10. bekk Flúðaskóla annast messuna frá upphafi til enda. Þau munu syngja, spila, flytja ræður og fleira. Á eftir verður boðið upp á hressingu í safnaðarheimilinu en þar verður líka kökubasar og mun allur ágóði renna í ferðasjóð 10. bekkjar. Þarna er skemmtileg samvera í vændum sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

Þá má minna á kirkjuskólann sem er í Hrepphólakirkju á laugardögum kl. 11. Mánudagskvöldið 24. febrúar nk. kl. 20 verður hversdagsmessa í Ólafsvallakirkju. Notaleg samvera með söng, bæn og hugvekju. Í mars eru ráðgerðar fjórar messur, þann 9. í Hrunakirkju kl. 11 og í Stóra-Núpskirkju kl. 13 og svo 23. mars í Hrepphólakirkju kl. 11 og í Ólafsvallakirkju kl. 13.

Sjáumst í kirkjunum okkar – góðar stundir.

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur

Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir
á vélum og tækjum af ýmsu tagi.

Gísli Laugum
Sími 861 9682



Löggiltur rafverktaki
/ bílaflutningur

Axel
Sími 860 7073

HELSTU NIÐURSTÖÐUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR 2025



- Útsvarsprósenta óbreytt á milli ára eða 14,97%.
- Álagningarprósenta fasteignaskatts á A-flokk er lækkuð um 4,2% úr 0,47% í 0,45%. Er þetta annað árið í röð sem álagningarprósenta A- hlutans er lækkuð.
- Almennar gjaldskrár fyrir árið 2025 munu hækka um 3,5% að jafnaði.
- Gjaldskrár veitufyrirtækja munu að meðaltali hækka um verðbólgu síðastliðins árs eða um 4,5-4,7%.
- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta jákvæð um 141 m.kr.
- Rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 132 m.kr.
- Niðurstaða samstæðu A og B hluta án fjármagnsliða og afskrifta (EBIDTA) er jákvæð um 349,8 m.kr. eða 18,3% af tekjum sveitarfélagsins.
- Skuldahlutfall verður 105,8%.
- Skuldahlutfall nettó verður 87,1% í árslok 2024.
- Skuldaviðmið skv. reglugerð 502/2012 verður 84,3 %.
- Áætlað veltufé frá rekstri A- og B-hluta er áætlað 230 m.kr. sem er um 12% af heildartekjum.
- Áætlaðar fjárfestingar A og B hluta nettó nema 617,7 m.kr.
- Tekin ný langtímalán 409,5 m.kr.

Gatnagerð að hefjast í Röðulstanga

Gengið hefur verið frá samningi við fyrirtækið Gröfutækni ehf um gerð nýrrar götu, Röðulstanga í hverfinu Byggð á Bríkum á Flúðum. Voru tilboð opnuð um miðjan desember og var Gröfutækni lægstbjóðandi í verkið. Áfanga 1 skal lokið 15. september 2025 en fullnaðarfrágangi, gerð gangstétta, stíga og slíks skal lokið 1. júní 2026. Verksamningar hafa verið undirritaðir auk þess sem samið hefur verið við Magnús Ólafsson hjá Verkfræðistofunni Eflu um verkeftirlit.



Lóðirnar við Röðulstanga hafa verið auglýstar og verður þeim úthlutað eftir því sem umsóknir berast. Með gerð þessarar götu er fyrsti áfangi Byggðar á Bríkum fullgerður og óhætt er að segja að lóðum hefur verið úthlutað hraðar en bjartsýnustu menn sáu fyrir sér þegar verkið hófst.

Á myndinni eru Magnús, Hörður Úlfarsson frá Gröfutækni og fulltrúi Hrunamannahrepps Hannibal Kjartansson að yfirfara teikningar.

Fréttir af leikskólastarfinu

Leikskólastarfið hefur gengið vel það sem af er vetri. Fastir liðir eru í starfinu eins og t.d. Lubbi og Blær. Börnin eru mikið úti og er útinámið fastur liður. Öll börn fara í íþróttahúsið einu sinni í viku og gott samstarf er á milli elstu barna leikskólans og 1. bekkjar í Flúðaskóla sem hittast reglulega.

Byrjað var á innleiðingu á „Snemmtækri íhlutun“ í haust. Það er verkefni um hvernig við ætlum að vinna að því að efla læsi þannig að börnin verði betur undirbúin fyrir lestrarnám þegar þau koma í grunnskólann. Verkefninu er stýrt af talmeinafræðingum MMS (miðstöð menntunar og skólaþjónustu) ásamt fulltrúum frá Skólaþjónustu Árnesþings.

Eins og ávallt fylgjum við í leikskólanum ýmsum hefðum og venjum sem skapast hafa í gegnum tíðina oft innblásin af hefðum úr íslenskri menningu. Þá ber helst að nefna að um þetta leiti höldum við uppá komu þorra á bóndadaginn með Karladeginum. Þá buðu börnin gestum í leik og morgunmat sem aðallega var þjóðlegur hafragrautur og slátur. Ekki var annað að sjá en að allir sem nutu líkaði vel.

Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri Undralands



Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



Bókasafn Hrunamanna

Bókasafn Hrunamanna er aðildar-safn að Rafbókasafninu. Rafbóka-safnið (www.rafbokasafnid.is) er bókasafn á vefnum þar sem finna má fjölda raf- og hljóðbóka af öllu tagi, fyrir alla aldurshópa.

Alltaf er hægt að hafa samband á netfangið bokasafn@fludir.is eða senda skilaboð í gegnum Face-book-síðu Bókasafns Hrunamanna.

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 16-18
Þriðjudaga kl. 18-20
Föstudaga kl. 12-14




BÓKASAFN HRUNAMANNA

Félagsheimilinu, 2. hæð

Sími 480 6628 - Bókasafnið á Facebook
bokasafn@fludir.is - <http://bokasafn.fludir.is/>



BORGHOR ehf
Öll almenn gröfujónusta.
Útvegum allar gerðir
fyllingarefna



Bubbi 899-0816
Margrét 699-4001

SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



Uppbyggingarsjóður

óskar eftir umsóknum í sjóðinn



UMSÓKNARFRESTUR
4. mars, kl. 16:00



ATVINNA &
NÝSKÖPUN



MENNING



NÁNARI UPPLÝSINGAR

www.sass.is/uppbyggingarsjodur

Fréttir af starfi Ungmennafélags Hrunamanna

Starf Ungmennafélags Hrunamanna hefur tekið töluverðum breytingum á undanförunum árum, samhliða breytingum samfélagsins. Börnum á grunnskólaaldri hefur fækkað sem gerir það að verkum að erfiðara reynist að halda úti íþróttastarfi, sérstaklega í hópíþróttum sem krefjast þátttöku margra iðkenda á sama aldri.

Fyrir tæpum fimm árum var stofnað Íþróttabandalag Uppsveita. Félagið stofnaði knattspyrnudeild og tók fljótlega yfir knattspyrnudeild UMFH. Með sameiginlegu íþróttafélagi Uppsveita var loksins aftur hægt að fara með börn á svæðinu á stór knattspyrnumót þar sem nógu margir iðkendur voru í öllum flokkum.

Síðastliðið sumar stækkaði Íþróttabandalag Uppsveita þegar þeir stofnuðu körfuboltadeild og tóku yfir deild Hrunamanna. Keppa því Hrunamenn í dag í körfubolta undir merkjum ÍBU.

Eins og staðan er í dag þá eru þrjár starfandi deildir innan Ungmennafélags Hrunamanna, bridgedeild, blakdeild og fimleikadeild.

Fimleikadeildin var stofnuð í lok árs 2023 og hefur farið stígvaxandi síðan undir styrki stjórn Önnu Grétu Ólafsdóttur. Þar stunda 30 iðkendur fimleika tvisvar sinnum í viku og er mikið fjör á æfingum. Iðkendur héldu frábæra fimleikasýningu fyrir jólin og gaman að sjá framfarirnar, margir sigrar.

Blakdeildin er starfandi fyrir unglinga og fullorðna en þar eru tæplega 15 iðkendur sem æfa tvisvar sinnum í viku.

Í Bridgedeildinni eru skráðir 60 virkir félagar sem spila saman í félagsheimilinu einu sinni í viku.

Við erum lánsöm að eiga öfluga sjálfbóðaliða innan UMFH sem keppast að því að gera starfið öflugt fyrir börnin okkar, en án þeirra væri ekkert starf.

F.h. UMFH, Jóhanna Bríet Helgadóttir

Pésinn birtir auglýsingar og skemmtilegt efni um allt það sem um er að vera í sveitarfélaginu.

Sendið efni og auglýsingar á hruni@fludir.is



Góður snjómokstur er öllum mikilvægur

Umhleyplingarnar að undanförunu hafa verið flestum til leiðinda. Þegar veður eru válynd og aksturskilyrði bágborin vegna fannfergis og hálku þá er gott að hafa vaskan hóp sem sinnir snjómokstri og hálkuvörnum hér í samfélaginu. Fyrirtækið Fögrusteinar ehf sér um þennan þátt starfsemi sveitarfélagsins. Á dög-unum rakst útsendari Pésans á Kristján G. Þórðarsson sem vinnur hjá Fögrusteinum en fyrirtækið sér m.a. um snjómokstur í sveitarfélaginu.

Það er tilvalið að birta þessa fínu mynd af Kristjáni með nýju snjómoksturstönnina sem barst fyrirtækinu nýlega. Með henni er mokað hraðar og enn betur en áður. Kærar þakkir til ykkar Fögrusteinafólks fyrir góða og lipra þjónustu.



HUGMYND

TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

**Högnastíg 14
845 Flúðir**

**flight@simnet.is
Sími 699 0757**

Fotaaðgerðastofa
Öddu Sigu

Miðfelli 2a
Tímarpantanir í síma
867 6580



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

**Vinsamlegast pantið tíma í
síma 845 9816 (Halyna).**



Hjónaball

01.03.2025

Íþróttahúsi Hrunamanna
á Flúðum

Húsið opnar kl. 18:30
og skemmtun hefst kl. 19:30

Glæsilegt forrétta- og aðalréttahlaðborð
frá Veislubjónustu Hvíta hússins

Opinn bar Kaffi og konfekt



leikur fyrir dansi fram á nótt
Aldurstakmark 18 ára

Miðapantanir berist á hjonaball@fludir.is
Pöntun er staðfest með greiðslu inná eftirfarandi
reikning: 0325-26-700535 kt. 640169-2309

Miðaverð 16.900,-

Nöfn verða að fylgja með miðapöntunum og óskir um
að sameinast á borð - hámark tíu á hverju borði.
Ganga þarf frá pöntunum og greiðslu fyrir 24. febrúar.

Hlökkum til að eiga með
ykkur frábært kvöld,

Hjónaballsnefnd

